

Fimmti fundur

Árið 2007, mánudaginn 14. maí kl. 13:00 kom samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar saman til fundar í Kjarna.

Mætt: Ásvaldur Þormóðsson, Erlingur Teitsson, Böðvar Pétursson, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Hólmgæir Hermannsson og Kristín Linda Jónsdóttir, ásamt verkefnisstjóra Reinhard Reynissyni. Þá sátu fundinn undir fyrsta lið þeir Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson frá RHA.

Formaður, Erlingur Teitsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega gestina frá RHA.

Þetta gerðist helst.

- 1) Hjalti og Trausti gerðu grein fyrir hvernig þeir hyggðust vinna það verk sem samið hefur verið um, aðferðafræði og fleira. Verður vinnan m.a. fólgin í samtölum við skólastjórnendur og stjórnendur sveitarfélaganna og hugsanlega einnig foreldra. Tölulegar upplýsingar, bæði um þróun nemendafjölda og rekstrarkostnað, verða einnig greindar og reynt að leggja mat á mögulega þróun. Niðurstöður vinnunnar verða svo settar fram í formi nokkurra (2-3) valkosta um það með hvaða hætti megi endurskipuleggja þjónustuna. Rætt vítt og breitt um málin, m.a. mögulegan samrekstur leik- grunn- og tónlistarskóla en í því sambandi er mikilvægt að laga- og reglugerðarumhverfi verði breytt þannig að unnt sé að reka skólana sem eina stofnun.
- 2) Rætt um viðbrögð frá íbúum sem borist hafa í framhaldi af óskum þar um frá nefndinni. Borist hafa viðbrögð frá tveimur íbúum, einum í Skútustaðahreppi og einum í Þingeyjarsveit. Rætt um þau innlegg sem borist hafa og þakkar nefndin fyrir þau. Fram kom að það olli nefndarmönnum vonbrigðum að meiri viðbrögð hafi ekki borist.
- 3) Ákveðið að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 4. júní kl. 13:00 í Kjarna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:35